



Skautasamband Íslands: Reglugerð

Reglugerð um þjálfararáð

Þjálfararáð er nefnd á vegum ÍSS skipuð í framhaldi af skautaþingi til tveggja ára. Nefndin vinnur að tæknilegum málefnum er varða keppnisreglur, viðmið í landsliðshópa og grunnpróf. Nefndin skal einnig aðstoða ÍSS við þjálfaranám, skipulag þess og/eða framkvæmd.

Þjálfararáð skal skipað tveimur fulltrúum frá hverju aðildarfélagi og skulu félögin tilnefna sína fulltrúa. Æskilegt er að annar fulltrúi hvers félags sé yfirþjálfari félagsins og að fulltrúar þjálfararáðs hafi lokið að fullu 1. stigi frá ÍSS og ÍSí eða sambærilegu námi erlendis. Formaður skal kosinn af nefndarmönnum. Lökendur/keppendur aðildarfélaganna geta ekki setið í þjálfararáði. Allir nefndarmenn skulu fylgja *ISU Code of Ethics* og *Siðareglum ÍSí*. Nefndin starfar eftir *Starfslýsingu fyrir þjálfararáð*.

Ef nefndarmaður forfallast í lengri tíma skal annar tilnefndur í hans stað af því félagi sem hinn forfallaði fulltrúi kemur frá.

Stjórn ÍSS skipar tengilið sinn við þjálfararáð og fara samskipti milli nefndarinnar og stjórnar í gegnum hann.

Tillögur þjálfararáðs skulu vera skriflegar og rökstuddar. Fundargerðir skulu sendar nefndarmönnum og stjórn ÍSS innan sjö daga frá fundi. Allar tillögur frá þjálfararáði fara fyrir stjórn ÍSS. Öll skjöl sem byggð eru á tillögum þjálfararáðs skulu send nefndinni áður en þau eru birt opinberlega.